

FLÓRGOÐINN



FRÉTTABRÉF ÁSLANDSSKÓLA

3. tbl. 14. árgangur



Námsmat



Mikið hefur verið rætt og ritað um námsmat í 10. bekk vorið 2016. Nýlega var B+ og C+ bætt við námskvarðann og fengu nemendur í 10. bekk í ár einkunnir út frá nýjum námskvarða.

Námskvarði A-D er skilgreindur þannig að nemandi sem fær A, B+ eða B á að geta hafið nám á hæfniprepi 2 í Ísl, Ens og Stæ í framhaldsskóla.

Við í Áslandsskóla ákváðum að biða aðeins með vinnu við að skilgreina hið nýja námsmat. Það hefur reynst ákaflega gáfuleg ákvörðun þar sem nú hefur verið skipaður starfshópur á vegum Menntamálastofnunar sem á að vinna leiðbeiningar vegna námsmats í 10. bekk. Starfshópurinn á að skila niðurstöðum öðru hvoru megin við næstu áramót.

Dagur íslenskrar tungu

Dagur íslenskrar tungu er haldinn hátíðlegur 16. nóvember ár hvert á fæðingardeggi Jónasar Hallgrímssonar.

Dagur íslenskrar tungu er ár hvert haldinn hátíðlegur á fæðingardeggi Jónasar Hallgrímssonar, þann 16. nóvember.

Þann dag eru árlega veittar viðurkenningar fyrir störf í þágu íslensks máls og menningarviðburður af ýmsum toga.

Ár hvert notum við hér í Áslandsskóla þennan dag til að ræsa Stóru Upplestrarkeppnina í 7. bekk. Stóra Upplestrarkeppnin hófst veturinn 1996-1997 með þátttöku 223 barna í Hafnarfirði og á Álftanesi. Gaman að segja frá því að skólastjóri Áslandsskóla var þá umsjónarkennari í 7. bekk Öldutúnsskóla og þjálfaði því

nemendur í fyrstu keppninni. Upplestrarkeppnin er ekki keppni í venjulegum skilningi heldur þróunarverkefni og er jafn jákvætt og blómstrandi þróunarverkefni vandfundið.

Markmið með upplestrarkeppninni er að vekja athygli og áhuga á vönduðum upplestri og framburði.

Lokahátíð keppinnar fer jafnan fram í Hafnarborg við hátíðlega athöfn. Samhliða keppninni hefur hin síðustu ár verið blásið til leiks í Litlu Upplestrarkeppninni fyrir nemendur í 4. bekk. Þar hefur einnig verið frábært að sjá efnilega nemendur koma fram eftir góða þjálfun kennara sinna.



SKÓLAKÓRINN

Á FULLRI FERÐ

Nú er skólakórinn kominn á fulla ferð og aldrei verið eins margir krakkar í kórnum.

Nú á haustönn eru kórfélagar um 50 nemendur úr 1. – 3. bekk.

Þann 16. nóvember er dagur íslenskrar tungu og þá ætla kórinn að heimsækja leikskólann Tjarnarás og syngja með krökkunum þar. Við ætlum líka að syngja á sal skólans þegar Stóra upplestrarkeppnin verður sett þann sama dag.

Í aðdraganda jólaanna erum við svo á faraldsfæti, tökum þátt í Syngjandi jólum, heimsækjum Hrafnistu og syngjum í skólanum svo eitthvað sé nefnt.

Sannarlega mikið fjör í ört stækkandi skólakór.



Skólalaping

Þriðja skólalaping Áslandsskóla var haldið þriðjudaginn 10. nóvember. Bæjarstjórinn í Hafnarfirði, Haraldur Línal Haraldsson, heiðraði þingið með nærveru sinni.



Skólalaping var haldið í Áslandsskóla þriðjudaginn 10. nóvember en þetta er þriðja skólalapingið sem haldið er í skólanum. Á fyrri skólalapingum hafa margar góðar hugmyndir komið fram og má þar nefna salatbar í mötuneyti, stólar á morgunstundum unglíngadeildar og rassapotur fyrir yngri nemendur.

Okkur hér í Áslandsskóla finnst mikilvægt að halda skólalaping og gefa öllum í skólasamfélaginu tækifæri á að taka þátt í að móta það, koma með ábendingar og skapa skipulagðan samráðsvettvang.

Mjög markvissar og skemmtilegar umræður skapast ávallt á þingi sem þessu enda

sjónarhorn nemenda stundum annað en þeirra sem fullorðnir eru.

Í ár var gestum boðið á þingið, til að ganga um skólann og fylgjast með umræðum. Meðal gesta má nefna bæjarstjórn okkar, Berglindi mannauðsstjóra og gesti úr Varmárskóla sem kynntu sér þingstörf.

Nemendur munu á næstunni skila af sér tillögum sínum og niðurstöðum úr umræðum.

Nánar um það síðar.



APP kynning - BOOK CREATOR

Book Creator er ótrúlega útbreitt app sem er mikið notað í skólasterfi í heiminum. Book Creator færir nemendum möguleika á að útbúa myndabækur, uppskriftabækur, textabækur

og appið býður auk þess uppá þann möguleika að setja inn myndbönd og hljóðbrot.

Book Creator, eins og Pages, hefur mjög byrjendavænt

viðmót og eiga nemendur mjög auðvelt með að læra á möguleika þess.

Okkar nemendur hafa þegar skilað verkefnum í Book Creator.



Fjöllin okkar / 3. bekkur

Nemendur í 3. bekk unnu mjög skemmtilegt verkefni um fjöll á Íslandi. Þeir lásu bókina Komdu og skoðuðu fjöllin og völdu sér hver eitt fjall til að vinna með. Allir skrifuðu lýsingu á sínu fjalli og föndruðu sitt eigið fjall. Afraksturinn má sjá á myndunum.



MYNDIR

Ýmsar myndir frá Fjölgreindarleikum, Fjöllunum okkar og Skólapingi.



APP kynning - SHOWBIE

Showbie er þægilegt app til að halda utan um verkefni nemenda.

Þar er hægt að setja fyrir verkefni, skila inn verkefnum, gefa

feedback á verkefni o.fl. Fyrir kennara er þetta mjög þægilegt umhverfi og auðvelt fyrir nemendur að læra á viðmótið.



Fjölgreindaleikar

Fyrstu Fjölgreindaleikar Áslandsskóla voru á dögnum og var spennan í húsinu gífurleg, enda slíkir leikar ákaflega skemmtilegt verkefni.

Fjölgreindaleikar Áslandsskóla voru haldnir í fyrsta skipti í vinavíkunni.

Á fjölgreindaleikum unnu nemendur að ýmsum verkefnum undir leiðsögn kennara en hver stöð tók 8 mínútur.

Kennarar útbjuggu fjölbreyttar verkefnastöðvar þar sem nemendur leystu margvísleg verkefni. Meðal stöðva má nefna SNAG(innigolf), jóga, pílukast, ljóðadram, limbó, kryddsmökkun, hver er maðurinn?, kaplakubbar, 4x4 þrautir, actionary, spilakast, körfuboltaskot, athyglisþraut og margar fleiri.

Öllum árgöngum var blandað saman og voru fyrirlíðar úr hópi elstu nemenda. Hóparnir unnu verkefnið saman og borðuðu saman hádegisverð. Frábært var að sjá umhyggju og ábyrgð sem fyrirlíðar sýndu í störfum sínum.

Heilsueflandi grunnskóli

Áslandsskóli stefnir að því að verða heilsueflandi grunnskóli og er nú á undirbúningsári í því verkefni.

M

Frábær þátttaka er í mataráskrift í Áslandsskóla.

Skólaráð ræddi á fundi á dögnum um athugasemdir nokkurra foreldra um að nemendur með nesti borði á efri hæð.

Ákveðið var af skólaráði að halda því fyrir komu laglaga óbreyttu enda öflugt mótuneyti einn þátta heilsueflandi skóla.

Hugmyndin um heilsueflandi grunnskóla er byggð á Ottawa-sáttmála Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar um heilsueflingu. Þar eru talin upp sex grundvallaratriði: Stefnuviðmið um heilsueflandi grunnskóla, Skólaumhverfið, Félagsumhverfi skólanna, Heilsuvitund nemenda og geta þeirra til breytinga, Samfélagstengsl og Heilbrigðisþjónusta-skólaheilsugæsla. Tilgangurinn með heilsueflandi skólum er að bæta námsárangur enda eiga heilbrigðir nemendur betur með að læra en þeir sem sjúkir eru, ásamt því að auðvelda aðgerðir til að bæta heilsuna með aukinni þekkingu nemenda á heilbrigði. Aðferðir heilsueflandi grunnskóla auðvelda kennurum að útskýra fjölmenn og sérhæfðari atriði í námsefningu og þjálfar nemendur í að finna lausnir á ýmsum viðfangsefnum.

Á döfinni

NÓVEMBER & DESEMBER

10

16

20

NÓVEMBER

Skólaþing 10. nóv

Dagur íslenskrar tungu 16. nóv

Skipulagsdagur 20. nóv

1

18

24

DESEMBER

Fullveldisdagur og ratleikur

1. des

Jólaböll 18. des

já svo er það 24. des. :)

ÁSLANDSSKÓLI

Kríuási 1

221 Hafnarfirði

S: 585 4600

Netfang: aslandsskoli@aslandsskoli.is

Ritstjóri og ábyrgðarmaður Flórgoðans:

LEIFUR S. GARÐARSSON

Skólalastjóri